

Í RÍKI VATNAJÖKULS **WOW!**



**Á HESTBAKI**

**MILLI SJÁVAR**

**OG FJALLA**

## **Dagur 1. Svínafell-Ingólfshöfði- Hnappavellir**

Ferðin hefst í Svínafelli við rætur Vatnajökuls. Þaðan sem riðið er niður á fjörur og austur að Ingólfshöfða. Við höfðann verður áð og farið í gönguferð með leiðsögumanni um höfðann, þar sem saga hans ásamt fjölbreyttu fuglalífi eru gerð góð skil. Frá Ingólfshöfða er haldið upp að Fagurhólsmýri og riðið meðfram Salthöfða og áð við gamlan landnámsbæ sem hvarf í Öræfajökulsgosi árið 1362. Þaðan liggur leiðin meðfram Hnappavallahömrum og að Hnappavöllum. Gist á Hofi í Öræfum. (30km)

## **Dagur 2. Hnappavellir- Breiðármerkursandur**

Þá er haldið áfram til austurs á sendnu landi þar sem samspil búskapar við jökul og einangrunar endurspeglast í stórbrotnu landslagi. Áð við bæinn Kvísker þar sem einna merkustu náttúrufræðingar Íslandssögunnar ólust upp. Haldið áfram allt að jökulsárlóni þar sem verður stoppað og farið í siglingu um lónið. Hestunum komið í girðingu á sandinum. Gist í Hrollaugsstöðum og grillað um kvöldið á sama stað. (35km) Ein lengsta dagleiðin.

## **Dagur 3. Breiðármerkursandur -Jaðar**

Léttur dagur í dag. Farið frá Breiðármerkursandi áleiðis að Hala þar sem Þórbergssetur er skoðað. Þaðan er haldið að sveitabænum Jaðri með viðkomu á papaslóðum í Staðardal. Gönguferð að Kálfafellstað þar sem saga kirkjunnar er rakin. Kvöldmatur á Smyrlabjörgum Gist í Hrollaugsstöðum (20km)

## **Dagur 4. Jaðar – Vatnajökull- Skálafell**

Nú er lagt á brattann og stefnt að rótum Vatnajökuls, en segja má að hvergi sé betra návígi við stærsta jökul Evrópu en einmitt þarna. Riðið er inn Brunnadal og svo er lagt á Borgarhafnarfjall sem í daglegu tali í sveitinni er kallað Olúfjallið. Á miðju fjalli er áð og hópurinn skiptir yfir á fjórhjóladrifna vélfáka og bregður sér á sjálfan Skálafellsjökul með Jöklajepum. Af olúfjallinu er riðið niður með vötnunum og að Skálafelli sem er austasti bær Suðursveitar. Gist við rætur jökuls á Skálafelli og kvöldverður snæddur þar. (30 km)

## **Dagur 5. Skálafell- Heinaberg-Melatangi**

Síðasta daginn er farið inn í Vatnajökulspjóðgarð og riðið um svæði þar sem stórfelld jökulhlaup gerðu mönnum erfitt fyrir til forna. Staldráð við í Bólsstöðum og farið yfir sögu sveitanna og þá báráttu sem bændur áttu við náttúruöflin. Þarna eiga hreindýr sér gríðastað og oft má sjá stóra flokka þeirra á ferð. Þaðan verður haldið niður með ánni Hólmsá og á suðurfjörur og áfram á Melatanga sem hafði mikla þýðingu samgöngulega í sýslunni séð allt til ársins ?? Á Melatanga er sprett af hestunum og þeir kvaddir en ferðamenn skipta yfir á nútímalegri fáka sem má segja að hafi leyst þarfasta þjóninn af í seinni tíð til sveita, fjórhjólin. Með Fjörufurðum verður ekið að Hvanney og horft yfir eina erfiðistu innsiglingu landsins og saga Hornafjarðar rakin. Í lok ferðar er siglt með bátum til Hornafjarðar og snæddur hátíðarkvöldverður á Humarhöfninni. Gist á Hvamminum/Ásgarði sem standa í hjarta bæjarins. (25-30km)

## Dagur 6. Hornafjörður

Friðs dagur á Höfn. Á Höfn gefst fólki kostur á að skoða meðal annars, Jöklasýningu þar sem samspil jökla og byggðar í Austur Skaftafellssýslu eru gerð góð skil. Þá er upplagt að skella sér í sund í nýrri glæsilegri sundlaug og margt margt fleira. Heimferð til Rvk með flugfélaginu Erni seinni part dags.

